

Laxar Fiskeldi ehf.
Hlíðasmára 4
201 Kópavogur

Reykjavík, 12. nóvember 2020
UST202010-158/H.G.
08.12.01

Færsla starfsleyfis fyrir rekstur fiskeldis – Laxar Fiskeldi ehf., Þorlákshöfn

Vísað er til umsóknar rekstraraðilans Laxar eignarhaldsfélag ehf., kt. 621205-1370 og Laxar Fiskeldi ehf., kt. 450220-1400, sem barst stofnuninni þann 16. október sl. þar sem óskað er eftir því að færa starfsleyfi Laxa eignarhaldsfélags ehf., til að framleiða allt að 500 tonn á ári af laxaseiðum í eldisstöð sinni í Þorlákshöfn, yfir á Laxa Fiskeldi ehf. Starfsleyfi Laxa eignarhaldsfélags ehf. var gefið út 8. nóvember 2017 og gildir til 8. nóvember 2033.

Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um færslu starfsleyfisins, sem er breyting á starfsleyfi, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Ekki er um að ræða breytingar á starfsleyfisskilyrðum. Með þessari ákvörðun færast réttindi og skyldur varðandi starfsleyfið til Laxa Fiskeldis ehf., kt. 450220-1400.

Gjald vegna færslu starfsleyfisins verður innheimt hjá nýjum rekstraraðila, Löxum Fiskeldi ehf. kt. 450220-1400, skv. 4. gr. gjaldskrár stofnunarinnar nr. 535/2015, eða kr. 39.600.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um færslu starfsleyfisins er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá dagssetningu þessa bréfs, skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Virðingarfyllst

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Hlín Gísladóttir
lögfræðingur